

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/7/EB

frá 21. febrúar 1996

um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/55/EB ⁽²⁾, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að breyta skuli innihaldi viðauka hennar reglulega með hliðsjón af framförum í vísindum og tækni. Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE ⁽³⁾ var viðaukunum steypst saman.

Bæta ber enn frekar við dálkinn „Efnaformúla, lýsing“ fyrir aukefnið „salínómýsinnatrium“.

Nauðsynlegt er að breyta sérákvæðunum um að bæta jöði í fóður til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif á sumar tegundir.

Bæta ber við sérstöku ákvæðin um merkingar á vaxtarhvatnum ólakvinox til að vernda betur heilsu notenda.

Nýjar notkunarleiðir fyrir aukefnin í flokknum „Hníslalyf og önnur lyf“ hafa verið prófaðar með góðum árangri í sumum aðildarríkjanna. Leyfa ber nýju notkunarleiðirnar til bráðabirgða í hverju ríki um sig uns þær verða leyfðar á vettvangi bandalagsins.

Ný aukefni í flokknum „Örverur“ hafa verið prófuð með góðum árangri í sumum aðildarríkjanna. Leyfa ber þessi nýju aukefni til bráðabirgða í hverju ríki um sig meðan beðið er samþykkis á vettvangi bandalagsins.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukunum við tilskipun 70/524/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að viðaukanum við tilskipun þessa eigi síðar en 31. júlí 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin setja reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. febrúar 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 263, 4. 11 1995, bls. 18.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

VIÐAUKI

Viðaukunum við tilskipun 70/524/EBE er breytt sem hér segir:

1. I. viðauki:

- 1.1. Í lið E 716 „Salínómýsínatríum“ í A-hluta „Sýklalyf“ og lið E 766 „Salínómýsínatríum“ í D-hluta „Hníslalyf og önnur lyf“ kemur eftirfarandi í stað texta dálksins „Efnaformúla, lýsing“ hverju sinni:

„C₄₂H₆₉O₁₁Na (natríumsalt pólýetermónókarboxýlsýru sem framleidd er af *Streptomyces albus*)

Elaíofýlíninnihald: innan við 42 mg/kg salínómýsínatríums

17-epí-20-desoxý-salínómýsíninnihald: innan við 40 mg/kg salínómýsínatríums.“

- 1.2. Í I-hluta „Snefilefni“ komi eftirfarandi liður í stað liðarins E 2 „Joð-I“:

EB-nr.	Frumefni	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Hámarks­magn frumefnisins í mg/kg heilfóðurs	Önnur ákvæði
„E 2	Joð-I	Kalsíumjoðat, hexahýdrat Kalsíumjoðat, vatnsfírt Natríumjoðið Kalíumjoðið	Ca(IO ₃) ₂ ·6H ₂ O Ca(IO ₃) ₂ NaI KI	Hross: 4 (sam­tals) Fiskur: 20 (sam­tals) Aðrar dýrategundir eða -flokkar: 10 (sam­tals)	— — — —“

- 1.3. Í lið E 851 „Ólakvinox“ í J-hluta „Vaxtarhvat“ komi eftirfarandi í stað texta dálksins „Önnur ákvæði“:

„Notkun bönnuð í a.m.k. fjórar vikur fyrir slátrun.

Hámarks­magn ryks sem þýrlast upp við meðhöndlun, eins og ákvarðað er samkvæmt Stauber Heubach-aðferðinni ⁽¹⁾: 0,1 µg af ólakvinoxí.

Merking á merkimiða aukefna, forblandna og fóðurs, sem gefur til kynna öryggisleiðbeiningar og viðvaranir sem ætlaðar eru til að vernda heilsu notenda, einkum til að koma í veg fyrir váhrif af völdum aukefnisins, sérstaklega við snertingu eða innöndun, þar sem segir: „Viðvörðun: Hætta á ljósofnæmi fyrir þá sem hæt er við því.“

⁽¹⁾ Tilvísun: *Fresenius Z. Anal. Chem.* (1984) 318:522-524, Springer Verlag 1984.

2. II. viðauki:

2.1. Í D-hluta „Hníslalyf og önnur lyf“ bætist eftirfarandi liðir við:

Nr.	Aukefni	Efnaformúla lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Gildistími heimildar
					mg/kg heilfóðurs			
„26	Salínómýsinnatríum	C ₄₂ H ₆₉ O ₁₁ Na (natríumsalt pólý-etermónókarboxýlsýru sem framleidd er af <i>treptomyces albus</i>) — Elaiófýlinnihald: minna en 42 mg/kg salínómýsinnatríums — 17-epí-20-desoxý-salínómýsinnihald: innan við 40 mg/kg salínómýsinnatríums	Alikanínur	—	20	25	Notkun bönnuð í a.m.k. fimm daga fyrir slátrun. Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum: — „Hættulegt hrossum“ — „Þetta fóður inniheldur jónaleiði. Heimilt er að vara við notkun samhliða tilteknum lyfjum (t.d. tíamúlíni)“	30.11.1996
27	Díklasúrfl	2,6 díklóró-alfa-(4-klórófenýl)-4-[4,5-díhýdró-3,5-díoxó-1,2,4-tríasín-2(3H)-ýl] bensenasetónítrfl	Kalkúnar	12 vikur	1	1	Notkun bönnuð a.m.k. fimm daga fyrir slátrun.	30.11.1996“

2.2. Í O-hluta „Örverur“ bætist eftirfarandi liður við:

Nr.	Aukefni	Efnaformúla lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	CFU/kg heilfóðurs		Önnur ákvæði	Gildistími heimildar
					Hámark	Lágmark		
„3	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> (NCYC Sc 47)	Lyf úr <i>Saccharomyces cerevisiae</i> með a.m.k. 5×10^9 CFU/g aukefnis	Holdanaut	—	4×10^9	8×10^9	Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum: „magn <i>Saccharomyces cerevisiae</i> í dagskammti má ekki vera meira en $2,5 \times 10^{10}$ CFU á 100 kg líkamsþyngdar; $0,5 \times 10^{10}$ CFU á 100 kg líkamsþyngdar aukalega.“	30.11.1996
4	<i>Bacillus cereus</i> (ATCC 14893/ CIP 5832)	Lyf úr <i>Bacillus cereus</i> með a.m.k. 10^{10} CFU/g aukefnis	Alikanínur	—	} $0,5 \times 10^9$	} 2×10^9	—	30.11.1996
			Kanínur til undaneldis	—			—	30.11.1996“